

Nýherji hf. **Starfsreglur endurskoðunarnefndar**

Skipun endurskoðunarnefndar

1. gr.

Endurskoðunarnefndin starfar samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nefndin er skipuð þremur mönnum, sem stjórn Nýherja hf. skipar og skal stjórn Nýherja einnig tilnefna formann nefndarinnar.

2. gr.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda Nýherja hf. og einnig óháðir starfsemi og stjórnendum félagsins. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu á því sviði sem nefndin starfar á og skal meðal nefndarmanna vera staðgóð þekking og reynsla á sviði reikningshalds og endurskoðunar.

Endurskoðunarnefnd - endurskoðandi

3. gr.

Nefndin skal setja fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda félagsins og skal val á endurskoðanda byggjast á tilmælum nefndarinnar. Nefndin skal einnig vera til ráðgjafar um val á endurskoðendum innlendra og erlendra dótturfélaga.

4. gr.

Nefndin skal meta óhæði endurskoðanda Nýherja hf. og hafa eftirlit með störfum hans. Endurskoðandi skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði. Hann skal jafnframt staðfesta að þeir sem að endurskoðuninni koma hafi hvorki fjárhagslega hagsmuni tengda fyrirtækinu, né hafi þeir innt af hendi þau störf fyrir fyrirtækið, sem getur haft áhrif á óhæði endurskoðanda. Skal endurskoðandi jafnframt skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði, sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega getið um veikleika, sem fram hafa komið í innra eftirliti í fyrirtækinu.

Heimildir og starfsemi endurskoðunarnefndar

5. gr.

Endurskoðunarnefnd hefur aðgang að bókhaldi og bókhaldsgögnum og öðrum gögnum og upplýsingum er varða rekstur fyrirtækisins og nefndin telur nauðsynlegar. Nefndin getur jafnframt leitað til einstakra starfsmanna og fengið upplýsingar, sem hún telur nauðsynlegar til að sinna sínu hlutverki.

6. gr.

Endurskoðunarnefnd hefur heimild til að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar, sem hún telur nauðsynlega til að sinna sínu hlutverki. Skulu slík verkefni tilkynnt formanni stjórnar Nýherja hf. hverju sinni.

7. gr.

Endurskoðunarnefnd getur krafist forstjóra, fjármálastjóra og endurskoðendur félagsins um hvers konar skjöl, upplýsingar eða skýrslur, sem tengjast ákveðnu verkefni endurskoðunarnefndar. Form og gæði þeirra upplýsinga, sem um er beðið, skal ákveðið af endurskoðunarnefnd hverju sinni.

8. gr.

Endurskoðunarnefnd skal halda fundargerðir og skal þar fylgja sömu reglum og við fundargerðir stjórnarfundar. Stjórnarformanni skal senda afrit af fundargerðum endurskoðunarnefndar.

Eftirlitshlutverk og ábyrgð endurskoðunarnefndar

9. gr.

Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með:

- vinnuferlum við gerð reikningskila og fer að minnsta kosti árlega yfir ársreikning fyrirtækisins með stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda.
- fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagins, innri endurskoðun og ef við á áhættustýringu og öðrum eftirlitsaðgerðum.
- endurskoðun ársreiknings. Nefndin fer yfir umfang og aðferðir sem notaðar eru við endurskoðun hverju sinni með endurskoðendum og stjórnendum fyrirtækisins eftir því sem ástæða þykir til.

10. gr.

Stjórn fyrirtækisins getur sent endurskoðunarnefndinni hvert það mál til nánari skoðunar eða eftirfylgni, sem varðar fjármál fyrirtækisins eða stöðu þess, svo sem innra eftirlit, gerð fjárhagsskýrslna og áhættustýringu. Nefndin getur einnig átt frumkvæði að nánari skoðun eða eftirfylgni með hverjum þeim þáttum, sem hún telur nauðsynlegt.

11. gr.

Nefndin getur lagt fyrir stjórn tillögur um breytingar er varða innra eftirlit eða aðra þætti er varða verksvið nefndarinnar og hún telur tilefni til að stjórnin fjalli um.

Ýmis ákvæði

12. gr.

Endurskoðunarnefndin yfirfer reglur þessar að minnsta kosti árlega og metur hvort reglurnar séu fullnægjandi og gerir tillögur til stjórnar Nýherja um breytingar.

Samþykkt á fundi stjórnar Nýherja hf. 23. september 2015.